

Aðalfundur FaMos 18. feb. 2019

Ég mun gera ykkur grein fyrir ársreikningi FaMos fyrir árið 2018.

Á borðunum eru reikningar með staðfestingum skoðunarmanna og stjórnar FaMos.

Inngreiðslur félagsgjalda voru kr. 1.348.379 en 62 nýir félagar komu til okkar í FaMos á árinu og eru nú um áramót 562.

Næstu tölur eru mismunandi inngreiðslur frá vinnunefndum, vaxtatekjur og styrkur Mosfellsbæjar að fjárhæð kr. 330.721. Heildartekjur eru kr. 3.023.279.

Gjöld:

Þessar fjárhæðir eru ýmis gjöld sem greiðast með þessum inngreiðslum.

Hærri gjöld vegna íprótta eru vegna fleiri tíma í vatnsleikfimi.

Sumarferð 2018 var á vegum Bændaferða og fór ekki gegnum reikninga félagsins.

Aðrir gjaldaliðir skýra sig að mestu með hliðsjón af tekjulið.

Lausafjármunir > inneign í banka hefur aukist um kr. 222.610 milli ára.

Eigið fé í árslok er því kr. 4.355.786.

Þar sem ég er að láta af störfum sem gjaldkeri FaMos eftir 4 frábær ár með ykkur, sem mér þykir vænt um, kveð ég með þessum orðum.

Þannig er lífið á lífsaldrar setri
Uns lendum við farsæl hjá Sankti Pétri
Þótt nafni minn mistök mín flest öll letri
Ég manngreyið verð alltaf betri og betri.

Pétur Guðmundsson gjaldkeri FaMos